# AUGLÝSING

**(I) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

**Langanesbyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Langanesbyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 5. janúar 2011.*

F. h. r.
**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

*Hinrik Greipsson.*